

List- og menningarfræðsla á Íslandi: Um skýrslu Anne Bamford

Anne Bamford. (2011). *List- og menningarfræðsla á Íslandi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. 169 bls.

Skýrsla Anne Bamford markar þáttaskil í rannsóknum á list- og menningarfræðslu á Íslandi því aldrei áður hefur álíka úttekt verið unnin hér á landi. Bamford er viðurkenndur fræðimaður og hefur áður unnið svipuð verkefni, bæði á Norðurlöndunum og eins á heimsvísu að frumkvæði UNESCO (Bamford, 2006). Því ber að fagna að íslenska mennta- og menningarmálaráðuneytið hafi kallað eftir og veitt fjármunum í þessa vinnu, þar sem listfræðsla barna og ungmenna á Íslandi hefur ekki verið könnuð að ráði hingað til. Þessir þættir í menntun og mótun einstaklinga eru hins vegar afar mikilvægir og brýnt að aðgengi að slíkri menntun og gæði hennar séu tryggð, óháð búsetu og fjárhag. Það skiptir miklu fyrir þá sem vinna rannsóknir á sviðinu að hér séu til rannsóknargögn og niðurstöður um listmenntun almennt á landinu sem eru unnin á faglegan hátt.

Miklar vonir voru bundnar við skýrsluna í rannsóknarsamfélagi Íslands og almenn ánægja var með val ráðuneytisins á Bamford í ljósi fyrri starfa hennar á svipuðum vettvangi. Skýrslan er byggð á gögnum sem Bamford safnaði á sex mánaða tímabili á árunum 2008–2009. Útprint af skýrslunni á ensku var fyrst aðgengilegt á ráðstefnunni *Creativity and innovation in the hands of the young*, sem var haldin í Reykjavík í desember 2009. Í apríl 2011 kom íslensk þýðing textans fyrst út hjá ráðuneytinu og eftirfarandi skrif byggjast á íslensku útgáfunni. Það kom þó fyrir að leitað væri til ensku útgáfunnar til að kanna betur atriði sem voru óljós í þýðingunni.

Aðferðir við úttektina voru bæði meginlegar og eigindlegar. Rýnihópar unnu álit og tóku þátt í umræðu en ekki er alltaf ljóst hvernig valið var í rýnihópana. Það er mikilvægt að hugtök séu notuð af nákvæmni en ekki er víst að allir lesendur leggi sama skilning í orðalagið „fólk úr skapandi starfsgreinum“ eða jafnvel „starfandi listamenn“. Þarna skortir á nákvæmni en beinar tilvitnanir í svör hópanna bæta úr, þar sem það er mikilvægt að vita hvað er sagt en að vita hver talaði. Nafnleyndar er gætt en það er óhjákvæmilegt á Íslandi að lesandi geti í eyðurnar, þar

sem sum dæmi eru lýsandi fyrir ákveðna landshluta eða skóla. Almennt skiptir þetta þó ekki máli þar sem Bamford vinnur að því að draga upp heildarmynd af list- og menningarfræðslu í landinu.

Í inngangi er tekið fram að þess hafi verið gætt „á kerfisbundinn hátt að gagnasöfnunin næði til mismunandi skóla og stofnana“ (bls 16). Hins vegar er ekki skýrt á hvaða hátt skólarnir og stofnanirnar voru mismunandi, einungis fullyrt að svo sé. Mjög víða í textanum er talað um að auka þurfi samþættingu námsgreina en ekki er útskýrt hvernig sé heppilegt að gera það. Hugmyndir um samþættingu námsgreina eru síður en svo nýjar af nálinni í umræðu um íslensk menntamál en gagnleg umfjöllun um útfærslu samþættingarinnar er sjaldgæfari. Bamford leggur þó áherslu á muninn á menntun í listum og menntun í gegnum listir og má nota þá áherslu sem rót að betur þróuðum hugmyndum.

SKILGREINING Á LISTUM OG MARKMIÐ MEÐ LISTNÁMI

Í inngangi kemur skýrt fram að mikið misræmi er á milli þess hve listir eru almennt vítt skilgreindar á Íslandi og hinna tiltölulega þröngu skilgreininga innan menntakerfisins á listgreinum (bls. 17). Þetta er ein af mikilvægustu niðurstöðum skýrslunnar. Æskilegt væri að menntakerfið stuðlaði að opnari og frjórri hugsun en væri ekki fastmótað eftir stöðluðum hefðum. Menntakerfi landsins okkar á að þjóna samfélaginu og þarna er vísbending um að almennur skilningur á hugtakinu listir hafi þróast á annan hátt en sú stefna sem mótar nám barna í skóla og námskeiðum. Bamford bendir réttilega á þörf á frekari rannsóknum á þessu sviði, þar sem snertifletir formlegs náms við hið víðtækara framboð og skilning sem ríkir í íslensku samfélagi væru kannaðir. Síðar í skýrslunni er hnykkt á þessu með því að óska eftir frekari rannsóknum á samstarfi eða áhrifum menningarstofnana og menntastofnana hér á landi.

Ég hef bent á að rannsóknin sýni fram á mismunandi skilning á því yfir hvað hugtakið listir er talið ná. Einnig tel ég merkilegt að þessi munur er greinilegur milli þeirra sem vinna í skólakerfinu og þeirra sem vinna úti í samfélaginu. Annað sem er athygli vert er að Bamford segir að á Íslandi ríki almennt mikill stuðningur samfélags, fyrirtækja og foreldra við listir. Bamford bendir einnig á að foreldrar eru tilbúnir að borga fyrir listmenntun barna sinna utan almenna skólakerfisins. Á bls. 125–127 er vitnað í rýnihóp foreldra. Þar er greint frá umræðu um kostnað við listnám utan skóla. Meðal annars er fullyrt að mun auðveldara sé að komast í íþróttir en listnám og að íþróttaiðkun sé ódýrari. Það er þó ekki einhlítt að tónlistarnámið sé dýrara; veturinn 2011–2012 kostaði forskóli í Tónskóla Sigursveins 38 þúsund krónur fyrir hvern nemanda meðan þjálfun í 7. flokki handbolta hjá íþróttafélaginu Fram kostaði 35 þúsund krónur fyrir hvert barn. Tónlistarnámið verður vissulega dýrara þegar nemendur hefja nám í einkatímum á hljóðfæri og það virðist sem foreldrar finni fyrir miklum kostnaði í tengslum við listnám utan skóla: „Námið er of dýrt. Þetta kostar mig 500.000 kr. fyrir tvö börn yfir árið“ (bls. 126). Um leið og vísað er til þessara ummæla úr rýnihópi er rétt að geta þess að annars staðar í skýrslunni kemur fram að 63% tónlistarskóla eru með biðlista (bls 105). Annað sem vekur umhugsun er að Anne Bamford virðist ekki

hafa notað þau tækifæri sem bjóðast til að bera saman tölfræðilegar staðreyndir. Á bls. 151 er fullyrt að samanburðartölfræði hafi ekki verið aðgengileg þegar rannsóknin var unnin. Benda má á efni frá Evrópusambandi tónlistarskóla sem er til frá 2006, 2008 og 2010 á vef sambandsins (European Music School Union, e.d.).

Varðandi fjárveitingu til lista koma fram áhyggjur hjá fólki í skapandi starfsgreinum af óvissu í efnahagsmálum. Þrátt fyrir þær áhyggjur er einnig tekið fram að þessir viðmælendur séu almennt sammála um að fjárveitingar séu í góðu lagi (bls. 31).

SÉRSTAÐA TÓNLISTARSKÓLANNA OG JAFNRÉTTI BARNNA TIL LISTNÁMS UTAN SKÓLA

Tónlistarskólarnir á Íslandi eru sérstakt fyrirbæri í menntakerfinu. Tónlistarskólinn í Reykjavík hefur starfað samfelld síðan 1930 og flestöll sveitarfélög landsins státa af sjálfstæðum tónlistarskóla. Sveitarfélög greiða laun hljóðfærakennara í tónlistarskólum, rétt eins og laun grunn- og leikskólakennara. Þessi fjárhagslegi stuðningur við að greiða laun kennara er ekki veittur öllum skólum sem kenna listir. Skýrsla Anne Bamford gerir ekki grein fyrir þessum mismun, hverjir njóta fjárhagsstuðnings hins opinbera og hverjir ekki, né heldur er fjallað um ástæðu þessa mismunar. En þessar ólíku rekstraraðstæður valda oft réttlátri reiði og þyrfti að skoða allan aðbúnað barna til listnáms innan og utan skóla með opinberar fjárveitingar sérstaklega í huga.

Í skýrslu Bamford er tvennt áberandi í umræðu um tónlistarmenntun. Hið fyrra er mikið hrós og aðdáun á tónlistarskólunum og rekstrarfyrirkomulagi þeirra og hið síðara er það hversu víða vantar menntaða tónmenntakennara í grunnskólana. Kennarar í tónlistarskóla hafa klassískt hljóðfæranám að baki, auk kennsluréttinda, en í kennaramenntun Háskóla Íslands eru engar forkröfur um kunnáttu í hljóðfæraleik fyrir þá nemendur sem stefna á að kenna tónmennt í grunnskólum. Bamford leggur til að tónlistarskólarnir skoði þann möguleika að víkka út námsframboð sitt þannig að það taki til fleiri listgreina en tónlistar (bls. 59.) Einnig leggur hún til að tónlistarskólar vinni meira með nálægum grunnskólum, en lög heimila sveitarfélögum samrekstur á leik-, grunn- og tónlistarskólum. Það eru mjög skiptar skoðanir um ágæti slíks samstarfs og opinber afstaða Félags íslenskra hjómlistarmanna (FÍH) er sú að tónlistarnám sé betur komið í sérstökum tónlistarskólum; skólabragur og venjur tónlistarskólans megi ekki glatast (bls. 55). Það væri forvitnilegt að kanna tengsl þess hversu víða sveitarfélög reka tónlistarskóla og þess að í listgreinum virðist helst skorta réttindakennara í tónlist á landsbyggðinni (bls. 35).

Bamford bendir á ójöfn tækifæri barna til listnáms utan skóla. Þar kemur bæði til efnahagur foreldra og skortur á námsleiðum fyrir börn með sérþarfir, sem og fyrir afburðanemendur. Þarna er mikilvægt rannsóknartækifæri sem gæti leitt til breytinga til hins betra. Hins vegar er alltaf spurning hversu mikla fjárhagslega ábyrgð hið opinbera eigi að bera á listaskólum og hvaða lágmarksmentun í listum og menningarfræðslu ætti að vera tryggð í skyldunáminu. Nám sem fellur undir þessi hugtök byggist alls ekki eingöngu á tækni eða menntun sem tengist áhugasviði, heldur gefur það tækifæri til að stuðla að gagnrýninni hugsun nemenda og sjálfstyrkingu og bættri

sjálfmynd. Í skýrslunni kemur til dæmis fram að flestir skólastjórnendur grunnskóla töldu að meginmarkmið listfræðslu væru efling sjálfstrausts, ánægju og vellíðunar, að stuðla að alhliða þroska og að þroska sköpunargáfu (bls. 65).

UM ÞÝÐINGU OG FRÁGANG, HUGTÖK OG ÓLÍKAR HLIÐAR NÁMS

Bókin er tæpar 170 blaðsíður, í kiljuformi og þægileg aflestrar. Framan á kápunni eru litríkar málningarklessur sem eiga væntanlega að vekja athygli á innihaldi bókarinnar. Það er ekki hægt að segja að frumleg eða skapandi hugsun hafi legið að baki þessari kápuhönnun, málningarklessurnar eru klisja um listamanninn sem villtan málara og tenging við innihaldið er hvorki góð né forvitnileg. Ráðuneytið hefði mátt leggja meira í útlit bókarinnar og taka þannig undir fullyrðingar í skýrslunni um það að listir og menning búi yfir afli til að breyta staðalmyndum okkar og hugmyndum um heiminn.

Nú, þegar þessi skýrsla Anne Bamford kemur út á íslensku, er mikilvægt að við séum afar meðvituð um þýðingu fagorða og hugtaka, þar sem þýðingin getur haft áhrif á skilning okkar á þessum hugtökum og þar með möguleika okkar á að víkka út þekkinguna. Það hefði verið gagnlegt að fjalla um óskipulegt nám (e. informal learning) í skýrslunni, einkum vegna þess að skilgreining á listum er mjög ólík eftir því hvort miðað er við skipulagt skólastarf (formlegt og óformlegt) eða hvort miðað er við þann skilning sem ríkjandi er í samfélaginu utan skólanna. Hinn víði skilningur á listum sem er ríkjandi í samfélaginu gefur rannsóknnum á óskipulegu námi mikið vægi. Eins og áður kom fram kallar Bamford eftir frekari rannsóknum á snertiflötum listnáms innan skólastofnana og starfi þeirra sem vinna að listum í víðari skilningi úti í samfélaginu.

Vandinn við þýðingu á fagorðum er eitt og alls ekki skal dregið úr vægi hans. En vandinn við að þýða ritaða ensku yfir á ritaða íslensku er annað og því miður gætir víða ankannalegs orðalags þar sem ensk setningaskipan virðist ríkja. Sem dæmi má nefna setningu á bls 97: „Þeir sem kenna listir jafnt og nemendur ættu að fá þjálfun í að spyrja spurninga.“ Eins er hægt að benda á hreina ónákvæmni sem veldur því að textinn verður illskiljanlegur eða hreinlega rangur. Eftirfarandi eru tvö dæmi um þetta, bæði um yfirborðslega umfjöllun og um ónákvæmni í þýðingu og framsetningu texta.

Á bls. 96 er vitnað í rannsóknargögnin í stuttri frásögn, merkt „Svipmynd 3.4.2 Þetta er skóli 21. aldarinnar.“ Frásögnin hefst með þessari lýsingu:

Í nútímalegri byggingu leiðir listmenntaður skólastjóri 450 nemendur og 70 kennara í námskeiðum í frumkvöðlamennt.

Áhersla skólans er frumkvöðlamennt og að kenna á hugmyndaríkan hátt. Börnin læra í gegnum hönnunarferli, þar reynir á ímyndunaraflið, skapandi hugsun og lausn vandamála. Lögð er áhersla á nýsköpun alla daga. (bls. 96)

Textinn heldur svo áfram, þar sem skólastarfinu er lýst með almennum, fögrum orðum en hvergi er nánar fjallað um hvað er í rauninni átt við. Þetta textabrot færir okkur

engu nær því að skilja um hvað er rætt og gefur okkur ekkert tækifæri til að fræðast um það sem er í rauninni að gerast í skólanum sem lýst er.

Önnur svipmynd sem vafðist lengi fyrir mér er á bls. 124, „Svipmynd 4.2.1 Við höfum góðan stuðning frá foreldrum.“ Þarna er vitnað í skólaheimsókn í stóran grunnskóla í Reykjavík. Skólinn er sagður leggja áherslu á listir og þess er getið að hann hafi unnið Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla í Reykjavík. Fyrir neðan stuttan inngangstexta stendur orðið „Bekkir“ hálfpartinn eins og álfur út úr hól (ef orð geta yfirleitt staðið eins og álfar). Þar fyrir neðan tekur við listi, sem hefst svona:

- 60 mínútur á viku í tónmennt.
- Tveir tímar á viku í tónlist og skiptur bekkur í myndmennt/textíl.
- Tvær klst. í tónlist.
- Tvær klst. í tónlist og skiptur bekkur í myndmennt/leiklist og smíði/textíl.

Ekkert í svipmyndinni skýrir hvað er átt við með þessari upptalningu og það var ekki fyrr en ég leitaði í enska textanum að ég skildi að það var framsetning textans en ekki minn eiginn misskilningur sem var að verki. Þetta brot úr svipmyndinni lítur svona út í enska textanum:

Grades [þ.e. bekkir]

1 - 60 minutes a week in music

2 - two weekly classes in music and a split class in art / textile

3 - two hours in music

4 - two hours in music and a split class in art / drama, and woodwork / textile

(Bamford, 2009, bls. 92)

Í íslensku þýðingunni eru upplýsingar um þann tímafjölda sem ólíkir aldurshópar fá í listgreinum settar fram án þess að aldurs eða bekkjarstigs sé getið. Það er ekkert sem gefur til kynna að listinn eigi við um ólíka aldurshópa, né að upplýsingunum sé raðað upp þannig að fyrsta lína í listanum eigi við fyrsta bekk, önnur lína um annan bekk og svo framvegis. Þess vegna birtist þessi listi eins og skrattinn úr sauðarleggnum, úr öllu samhengi við það sem svipmyndin á að sýna.

Ofangreindir gallar eru ekki smámunasemi undirritaðrar. Þeir hindra skilning á efni skýrslunnar og rýra gildi hennar sem grunns að frekari rannsóknnum. Það er mennta- og menningarmálaráðuneyti Íslands tæpast til hróss að senda frá sér rit þar sem prentvillur og gallaður frágangur trufla skilning lesanda. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi nýlegrar umræðu um skort á íslenskufræðslu í kennaramenntun, þar sem málfræðivillur hafa verið gagnrýndar svo og slök ritun nemenda. Skýrsla Anne Bamford á íslensku er þó almennt aðgengileg og töflur og myndir sem hún notar eru skýrar og læsilegar. Lesandinn þarf því ekki að búa yfir mikilli menntun í aðferðafræði rannsókna til að nýta sér innihaldið. En þegar frágangsgallar, ónákvæm þýðing og yfirborðsleg umfjöllun koma saman er óhjákvæmilegt að efast um gæði verksins.

Vonandi verða þau gögn sem safnað var í úttektinni aðgengileg fyrir alla, svo kanna megi hvort gallar liggi í úrvinnslu eða í söfnun gagnanna sjálfra. Þetta er sérstaklega mikilvægt að gerist áður en áframhaldandi rannsóknir verða unnar, með þessa skýrslu sem bakgrunn og stuðning. Í lok skýrslunnar leggur Bamford fram nokkrar

hugmyndir um áframhaldandi rannsóknir og eru þær allar góðar en hefðu verið enn sterkari ef efni skýrslunnar styddi betur við þær.

FREKARI RANNSÓKNIR

Skýrslan er í heild sinni afar víðfeðm og á köflum ristir hún ekki djúpt. Hins vegar er hún tvímælaust afar mikilvæg byrjun á rannsóknum á þessu sviði. Vonandi verður opinn aðgangur að þeim gögnum sem var safnað, bæði til að tryggja gæði úrvinnslu og eins til að rökstyðja áframhaldandi rannsóknir. Anne Bamford segir að listfræðsla á Íslandi sé góð á alþjóðlegan mælikvarða. En þurfum við að bera okkur saman við aðrar þjóðir? Er ekki mikilvægt að meta gildi starfsins sem slíks frekar en að nota ytri viðmið eins og samanburð við aðrar þjóðir? Það er mikilvægt að huga að því hvaða erindi listir og skapandi starf eiga í menntun barna, bæði innan og utan skipulegs skólakerfis, og leitast við að tryggja jafnrétti til náms, burtséð frá því hvernig aðrar þjóðir haga sínum málum. Samanburður við aðrar þjóðir getur átt rétt á sér en við ættum ekki að nota hann sem gæðaviðmið.

Bamford setur fram margar gagnlegar tillögur að frekari rannsóknum og þar er kennaramenntun og endurmenntun starfandi kennara og listamanna í brennidepli. Kennaramenntun á Íslandi er í sífelldri mótun og ekki skynsamlegt að einblína á að breytingar þar muni bjarga framtíðinni. Þær breytingar eru mikilvægar en alls ekki það eina sem þarf. Náms- og starfsferill fólks á 21. öld er síbreytilegur og áhersla á endurmenntun og fullorðinsfræðslu eðlileg. Þá eru ábendingar Bamford um þörf á samstarfi milli menntastofnana og menningarmiðstöðva, sem og aukið samhengi milli þess sem áhersla er lögð á í skyldunámi og þess sem blómstrar í atvinnulífínu mikilvægar. Síðast en ekki síst tel ég að skýrslan kalli á rannsókn á þeim háskólastofnunum sem bjóða nú fram kennaramenntun í listgreinum og að leitað verði leiða til að flétta saman styrkleika hverrar og einnar.

ÓSÝNILEG NÝSKÖPUNARMENNT OG ÓMEÐVITUÐ MENNINGARFRÆÐSLA?

Engin umræða er um nýsköpunarmennt í skýrslunni. Í svo breiðri úttekt er þetta að sjálfsögðu einkennilegt en ákvæði um nýsköpunarmennt hafa um árabil verið hluti af aðalnámskrá grunnskóla. Við lestur skýrslunnar fræðumst við ekkert um hvernig þessu námi hefur verið háttað. Reyndar eru orðin „frumkvöðlamennt“ og „nýsköpun“ notuð í svipmynd 3.4.2 en afar óljóst er hvað liggur að baki þeim orðum þar. Fullyrðingin „nýsköpun alla daga“ virðist vera þar til skrauts; við fáum ekkert að vita um hvað átt er við með þessu.

Menningarfræðsla sú sem á sér stað á frístundaheimilum er ekki heldur rædd í skýrslunni en þar má benda á niðurgreitt starf sumar sem vetur. Starf frístundaheimilanna einkennist af frjálsum leik en einnig eru heimsóknir á söfn og menningartengda staði algengar. Þessi hluti menntunar fellur undir hugtakið *óskipulegt nám*, enda ekki

opinber stefna frístundaheimilanna að sinna menningarfræðslu, þótt starfsfólk þessara miðstöðva sé meðvitað um þá menningarmiðlun sem þar á sér stað. Bamford ræðir hins vegar staðbundin ungmennahús en sú umfjöllun beinist frekar að starfi unglinga, til dæmis í framhaldsskólum og í Hinu húsinu (bls. 128).

Ég hef ekki tekið til umfjöllunar öll atriði, alla kafla eða jafnvel öll vafamál skýrslunnar. Það sem ég hef fjallað um gefur hins vegar mynd af heildarbrag textans og ég hef nefnt jákvæða þætti tengda nýjum rannsóknartækifærum.

Það er ljóst að skýrsla Anne Bamford um list- og menningarfræðslu á Íslandi er mikilvægt framlag í sjálfu sér en innihaldið ber þó að lesa og nýta með gagnrýnu hugarfari.

HEIMILDIR

Bamford, A. (2006). *The wow factor: Global research compendium on the impact of the arts in education*. Münster: Waxman.

Bamford, A. (2009). *Arts and cultural education in Iceland*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

European Music School Union. (e.d.). *EMU Statistical Internet Base (ESIB)*. Sótt 7. mars 2012 af <http://www.musicschoolunion.eu/index.php?id=43>.

UM HÖFUNDINN

Gunnhildur Una Jónsdóttir (guj37@hi.is) er doktorsnemi og stundakennari á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hún lauk MFA-gráðu árið 2009 frá Carnegie Mellon University í Pittsburgh í Bandaríkjunum og BA-gráðu frá Listaháskóla Íslands og B.Ed.-gráðu frá Kennaraháskóla Íslands. Áhugi hennar í rannsóknum beinist að tengslum vísinda og lista, námi utan skipulagðra menntastofnana, samtímalist í menntun og símenntun starfandi listamanna.